

**Nd. 950. Tillaga til þingsályktunar**

um kaup á bifreiðum handa læknishéruðunum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að þau lækni- héruð, er þess óska, geti fengið einn bíl hvert af þeim bílum, sem ríkisstjórnin kaupir af setuliðinu, og megi stjórnir læknishéraðanna ráða, hvort þau taka sjúkra- bifreið eða „jeep“-bíl. Bílana skal selja læknishéruðunum með kostnaðarverði.

Jafnframt er lagt fyrir heilbrigðisstjórnina að semja reglur um notkun bíla, er læknishéruð eiga, er tryggi, að þeir verði ekki seldir og að af þeim verði sem fyllst not fyrir héraðsbúa.

Greinargerð.

Landlæknir sendi heilbrigðis- og félagsmálanefnd afrit af bréfi, er hann hafði ritað dómsmálaráðuneytinu 17. jan. s. l., og fylgir það hér með og hljóðar svo:

„Reykjavík, 17. jan. 1945.

Með því að nefnd setuliðsviðskipta hefur í dag tjáð mér, að hún muni gera mér kost á að vera með í ráðum um sölu á sjúkravögnunum, sem hún fái til ráð- stöfunar, svo og, að sinnt muni verða tillögum mínum um, að héraðslæknar fái að sitja fyrir öðrum um kaup á hinum svo nefndu „jeep“-bílum, þegar þar að kemur, leyfi ég mér að beina því til ráðuneytisins, að það hlutist til um, að seldar verði við kostnaðarverði og án álagningar bifreiðir þær, sem opinberir aðilar kaupa til heilbrigðisnota. Mundi það ýta á eftir því, sem mjög væri ákjósanlegt, að lækni- héruðin sjálf, en ekki einstakir héraðslæknar, sem koma og fara, keyptu bifreið- irnar og gerðu þær að fylgifé héraðanna, enda yrðu þær síðan reknar þannig, að tryggt yrði viðhald þeirra og endurnýjun. Ætti að heimila nokkurn styrk úr ríkis- sjóði til bifreiðakaupanna í þessu skyni, t. d. ½ kostnaðar. Væri æskilegt, að Al- þingi það, er nú situr, samþykkti þingsályktunartillögu þessu hvoru tveggja til framdráttar.

Vilm. Jónsson.

Dómsmálaráðuneytið, Reykjavík.“

Eftir að nefndin hafði athugað málið og rætt það við dómsmála- og fjármála- ráðherra, varð samkomulag um að flytja þáttill. um bílakaupin, og verður nánar gerð grein fyrir henni í framsögu.